

RÓTTÆKI SUMARHÁSKÓLINN

Námsskrá 2011

Uppfærð 13.7.2011

EFNISYFIRLIT

Fyrirkomulag Róttæka sumarháskólans sumarið 2011	2
Námsstofulýsingar	4
Námskeið 1: ANDÓF OG AKTÍVISMI (4 námsstofur)	4
0101 Er Ísland fyrir Íslendinga? Kynþátta- og þjóðernishyggja íslenska ríkisins.....	4
0102 Afvopnun markaða, endurheimt lýðræðisins.....	4
0103 Anarkismi fyrir byrjendur: anarkistinn og umkomuleysi hins daglega lífs.....	5
0104 Neyslan og djöfullinn: Andóf gegn iðnvæddum kapítalisma og vestrænum neysluháttum í þriðja heiminum.....	5
Námskeið 2: FEMÍNISMI Í SAMTÍMANUM (2 námsstofur)	6
0201 Áskoranir femínismans: Frá greiningu til framkvæmdar	6
0202 Róttækur femínismi: Að taka ábyrgð á kynferðisofbeldi í eigin röðum	6
Námskeið 3: RÓTTÆKNI Í HUGSUN OG MIÐLUN (4 námsstofur)	7
0301 Róttæk kennslufræði	7
0302 Hvað er róttækni?	7
0303 Róstur: Grasrótarfjölmiðlun í verki	7
0304 Er sumarið tíminn fyrir róttækni? Listaverkið og stofnunin.....	8
Námskeið 4: MARXISMI OG SAMTÍMAHEIMSPEKI (2 námsstofur)	8
0401 Gagnrýni Marx og Engels á kapítalískt hagkerfi	8
0402 Marxismi og sálgreining	8
Um umsjónarmenn námsstofa	10

Fyrirkomulag Róttæka sumarháskólans sumarið 2011

Um Róttæka sumarháskólann

Róttæki sumarháskólinn leitast við að tengja saman róttækan aktívisma og hugmyndir. Með róttækum aktívisma er átt við baráttuna fyrir efnahagslegu réttlæti, umhverfisvernd, fémínisma, lýðræði og réttindum minnihlutahópa, svo dæmi sé nefnt. Með hugmyndum er átt við hvers kyns mannlega hugsun, hvort sem hún eru listræn, fræðileg, eða sprottin beint úr reynslu hversdagsins. Markmið Róttæka sumarháskólans er, með orðum Hauks Más Helgasonar, að efla hreyfingu róttækra aktívista á Íslandi sem *hugsandi líkama með samtakamátt*. Róttæki sumarháskólinn byggir alfarið á sjálfbodaðavinnu og frumkvæði áhugasamra einstaklinga. Umsjón með Róttæka sumarháskólanum sumarið 2011 hefur Viðar Þorsteinsson.

Nám í Róttæka sumháskólanum

- Námsstofur og námskeið Róttæka sumarháskólans eru opin öllum, þar með talið þeim sem litla eða enga reynslu hafa af pólitískum aktívisma. Engar kröfur um fyrri skólagöngu eða starfsreynslu eru gerðar til þátttakenda.
- Ekkert þáttökugjald þarf að greiða. Skriflegt námsefni, þar sem við á, verður aðgengilegt gjaldfrjálst í gegnum internetið.
- Námskeið í Róttæka sumháskólanum eru sett saman úr námsstofum, sem að jafnaði hafa hver sinn umsjónarmann. Þannig getur eitt námskeið verið sett saman úr tveimur eða þremur námsstofum í umsjón ólíkra einstaklinga. Námsstofum er raðað saman í námskeið með tilliti til skyldleika umfjöllunarefna. Engin krafa er um að þátttakendur sitji allar námsstofurnar í hverju námskeiði.
- Lengd hvorrar námsstofu er 80 mínútur, sem skipt er upp í fyrirlestur og umræður eftir hentugleikum. Námsstofurnar verða haldnar milli 13:00 og 17:20 á laugardags- og sunnudagseftirmiðdögum helgina 13.-14. ágúst og milli 19:30-22:20 á mánudags- til fimmtudagskvöldum 15.-18. ágúst. Tímasetning hvorrar námsstofu er tiltekin neðst í lýsingu hennar.

- Námsstofur eru haldnar í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar, Hringbraut 121 í Vesturbænum í Reykjavík (gamla JL-húsið á horni Hringbrautar og Eiðsgranda/Ánanausta). Húsnæðið er á fjórðu hæð en er aðgengilegt með lyftu. Stofuskipan hverrar námsstofu verður tilkynnt síðar.

Skráning í námsstofur Róttæka sumarháskólans

Ekki er skilyrði að hafa skráð sig til þess að mæta í námsstofur Róttæka sumarháskólans. Þess er þó óskað að áhugasamir tilkynni um þátttöku sína, einkum til að þeir geti fengið aðgang að námsefni í tæka tíð. Það er hægt að gera í gegnum tölvupóst eða Facebook. *Tölvupóstur:* sendið tölvupóstskeyti á netfangið sumarhaskolinn@gmail.com og tilgreinið þá námsstofu eða námsstofur sem þið hafið áhuga á að sitja. *Facebook:* Finnið ‘viðburð’ (‘event’) viðkomandi námsstofu á Facebook og staðfestið þátttöku með ‘Ég mæti’ (‘Attending’) hnappnum. Þátttekendur fá síðan námsefni sent í gegnum þá samskiptaleið sem þeir velja, tölvupóst eða Facebook. *Vinsamlegast veljið aðra hvora leiðina, ekki báðar.*

Námsstofulýsingar

Námskeið 1: ANDÓF OG AKTÍVISMI (4 NÁMSSTOFUR)

0101 ER ÍSLAND FYRIR ÍSLENDINGA? KYNÞÁTTA- OG ÞJÓÐERNISHYGGJA ÍSLENSKA RÍKISINS

Umsjón: Haukur Hilmarsson

Lýsing: Mikill áróður er rekinn fyrir ímynd Íslendinga sem friðsamrar og umburðarlyndrar þjóðar og þeirri ímynd varpað jafnt á íbúa landsins sem ríkisvaldið. En höfum við gert heiðarlegt uppgjör við sögu kynþáttahatus og þjóðernishyggju á Íslandi? Í námstofunni verður rennt yfir sögu brottvísana og útlendingahatus síðustu 70 ára. Hver eru einkenni Íslenskrar þjóðernishyggju og hvert er samspil hennar við ríkisvaldið? Sérstök áhersla verður lögð á þátt flóttafólks og leitast við að rannsaka hvernig ríkisvaldið hefur stofnanavætt og hulið rótgróinn rasisma og hvernig það skýtur sér undan ábyrgð á mismunun, fangelsunum og brottvísnum. Íslensk andspyrna gegn rasisma og brottvísunum verður skoðuð sérstaklega og reynt að greina eðli, aðferðir og áhrif þeirra hópa sem undanfarið hafa komið fram. Hvert er framhaldið? Hverju ber að stefna að? Hvaða aðferðum er vænlegast að beita?

Tími: Laugardagur 13. ágúst, 13:00-14:20

0102 AFVOPNUN MARKAÐA, ENDURHEIMT LÝÐRÆÐISINS

Umsjón: Sólveig Anna Jónsdóttir

Lýsing: Linnulaus markaðsvæðing samfélagsins er meðal alvarlegustu vandamála sem alþjóða um allan heim stendur frammi fyrir. Ákvörðunarvald hefur verið fært úr höndum lýðræðislega kjörinna fulltrúa og yfir til markaðarins, þar sem hagsmunir fjármagnsins ráða för. Þá hafa alþjóðlegar fjármálastofnanir, þeirra helst Alþjóða gjaldeyrisjóðurinn, þröngvað löndum til að innleiða „markaðsumbætur“ og einkavæðingu sem í reynd eru rán á almannaeigum og lýðræðislegum völdum. Eigi að sigrast á fátækt, félagslegu óréttlæti eða umhverfisvá er lykilatriði að berjast gegn þessari þróun, því það er í krafti hennar sem alþjóðlegir auðhringir sölsa undir sig náttúruaðlindir og koma í veg fyrir að arði af gæðum jarðarinnar sé skipt á sanngjarnan hátt milli íbúa viðkomandi landa. Fjöldasamtök sem vilja vinna að réttlátum heimi þurfa því að beina spjótum sínum að þessu alþjóðlega vandamáli. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Attac á Íslandi, mun fjalla um þessi vandamál og hvernig þau hafa birst hér á landi. Í námstofunni verður

sagt frá baráttuaðferðum og baráttumálum Attac á Íslandi, tengslum samtakanna við erlend systursamtök, tengslum við önnur grasrótarsamtök og pólitíska flokka og fjöldabaráttu á Íslandi.

Tími: Þriðjudagur 16. ágúst, 21:00-22:20

0103 ANARKISMI FYRIR BYRJENDUR: ANARKISTINN OG UMKOMULEYSI HINS DAGLEGA LÍFS

Umsjón: Sigurður Harðarson (Siggi Pönk)

Lýsing: Í námsstofunni fer Siggi Pönk fer hratt og blaðalaust yfir sýn anarkista á valdapýramídana sem móta daglegt líf okkar. Rætt verður um hvernig bæði stjórnmal og efnahagskerfi stilla þeim sem ekki hafa áhuga á peningum og völdum upp í hlutverk kjósenda og neytenda og ekkert umfram það. Síðan verður spurt: Hvernig fletur maður út valdapýramída án þess að taka völdin? Fyrirlesturinn sjálfur er stuttur, eða 20-30 mínútur, eftir því hversu hratt hann leysist upp í umræður.

Tími: Laugardagur 13. ágúst, 16:00-17:20

0104 NEYSLAN OG DJÖFULLINN: ANDÓF GEGN IÐNVÆDDUM KAPÍTALISMA OG VESTRÆNUM NEYSLUHÁTTUM Í ÞRIÐJA HEIMINUM

Umsjón: Helga Katrín Tryggvadóttir

Lýsing: Við sem erum uppalin í kapítalískri menningu eigum oft erfitt með að ímynda okkur veruleikann handan kapítalismans. Í þessu námskeiði verður fjallað um andóf gegn iðnvæðingu og kapítalisma, með áherslu á birtingarmyndir þess í „þriðja heiminum“. Einnig verður fjallað um hvernig andófhreyfingar úr „norðri“ og „suðri“ hafa sameinast um sameiginleg baráttumál. Hugmyndin um þróun og framfarir verður rædd og hvernig andóf gegn þróun birtist sem barátta fyrir náttúruvernd og verndun menningar. Hugmyndafræði alþjóðlegra andófhreyfinga verður kynnt og fjallað um þróun andófhreyfinga í átt frá hreyfingum sem stefndu að umbyltingu þjóðríkisins, til hreyfinga sem stefna fremur að sjálfræði frá ríkinu og hefðbundnum pólitískum stofnunum. Andóf innan þriðja heimsins birtist gjarnan sem barátta gegn vestrænu forræði og gegn þjóðríkinu. Í því samhengi verður litið á þróun andófhreyfinga frá marxisma í átt að anarkisma.

Tími: Sunnudagur 14. ágúst, 13:00-14:20

Námskeið 2: FEMÍNISMI Í SAMTÍMANUM (2 NÁMSSTOFUR)

0201 ÁSKORANIR FEMÍNISMANS: FRÁ GREININGU TIL FRAMKVÆMDAR

- Umsjón:** Áslaug Einarsdóttir, Helga Katrín Tryggvadóttir og Valdís Björt Guðmundsdóttir
- Lýsing:** Námsstofan miðar að því að skoða kynjamisrétti í samhengi við kynþáttahyggju, stigveldi og kapítalisma. Er nauðsynlegt að setja femínisma í samhengi við þessa þætti eða á femínismi á hættu að verða skilinn út undan í því samhengi? Fjallað verður um þá togstreitu sem getur komið upp milli baráttunnar fyrir réttindum og baráttunnar fyrir því að breyta menningu. Þá verður spurt: Er réttlætunlegt að femínistar berjast fyrir réttindum annarra kvenna og höfum „við“ leyfi til að skilgreina aðra? Fjallað verður um þessi álitamál út frá deilum um íslam og femínisma. Hluti námskeiðsins verður lagður undir umræður um viðbrögð og aðgerðir: Hvernig getum við umbreytt greiningu í framkvæmd?
- Tími:** Mánudagur 15. ágúst, 21:00-22:20

0202 RÓTTÆKUR FEMÍNISMI: AÐ TAKA ÁBYRGÐ Á KYNFERÐISOFBELDI Í EIGIN RÖÐUM

- Umsjón:** Arnþrúður Ingólfssdóttir
- Lýsing:** Í námsstofunni verður fjallað um kynferðisofbeldi og róttækar leiðir til að takast á við það. Í fyrri hluta námsstofunnar verður sjónum beint að þeirri orðræðu sem þrífst innan ólíkra hópa til að afsaka og ýta undir menningu þar sem kynferðisofbeldi viðgengst. Rætt verður um hvernig orðræðan tekur á sig mynd þeirrar hugmyndafræði sem fólk kennir sig við, hvort sem það er innan Krossins, vinstri hreyfinga, meðal franskra sósíalista eða anarkista. Þá verður fjallað um ýmis algeng viðhorf til kynlífs sem leiða til andlegs eða líkamlegs kynferðisofbeldis, t.d. að þögn sé sama og samþykki fyrir kynlífi. Einnig verður rætt um afleiðingar slíks ofbeldis fyrir gerendur og þolendur og hvernig það viðheldur kynjuðum valdastrúktúr í samfélaginu. Í síðari hluta námsstofunnar verður sjónum beint að leiðum sem sem róttækir hópar hafa komið sér upp til að taka á afleiðingum ofbeldis í nærsamfélaginu. Svokallaður „accountability process“, þar sem gerandinn er látinn horfast í augu við upplifun þolandans, verður tekinn sem dæmi. Efnið verður jafnframt sett í samhengi við femínísk fræði, t.d. skrif Audre Lorde. *Athugið að námsstofan deilist á tvær tímasetningar.*
- Tími:** Þriðjudagur 16. ágúst, 19:30-20:50 og miðvikudagur 17. ágúst, 19:30-20:50

Námskeið 3: RÓTTÆKNI Í HUGSUN OG MIÐLUN (4 NÁMSSTOFUR)**0301 RÓTTÆK KENNSLUFRÆÐI**

Umsjón: Ingólfur Gíslason

Lýsing: Skólakerfi eru eitt öflugasta tæki samfélagsins til að viðhalda stéttaskipan og opinberri hugmyndafræði. Í skólanum lærum við hver við erum og hvað við eigum að vilja vera. Róttæk eða gagnrýnin kennslufræði snýst um að skilja og hafa áhrif á tengsl skóla og samfélags. Hún reynir að finna fleti á kennslu og námi sem styrkja sjálfsforræði nemenda og kennara, um leið og slík kennslufræði leitast við að efla baráttuna fyrir félagslegu réttlæti. Í námsstofunni reynum við að hugsa saman um virkni skóla og mótsagnakenndar hugmyndir um þá, og möguleikann á að endurskapa aðstæður nemenda og kennara í skólum og í samfélaginu.

Tími: Laugardagur 13. ágúst, 14:30-15:50

0302 HVAD ER RÓTTÆKNI?

Umsjón: Davíð Kristinsson

Lýsing: Í námsstofunni er ætlunin er að velta vöngum yfir hugtakinu „róttækur“, hvaða merkingu það hafi á ólíkum sviðum samfélagsins og hvað sameini mismunandi merkingu þess. Merking hugtaksins verður skoðuð með hliðsjón af gömlum íslenskum dagblöðum og textum hugsuða á borð við Friedrich Nietzsche, Theodor Adorno, Hönnu Arendt, Michel Foucault og Pierre Bourdieu. Auk þess verður hugað að því hverjir leitist við að vera róttækir, hvað búi að baki og hvort ávallt gildi reglan: því róttækara því betra.

Tími: Mánudagur 15. ágúst, 19:30-20:50

0303 RÓSTUR: GRASRÓTARFJÖLMIÐLUN Í VERKI

Umsjón: Aðstandendur Rósta

Lýsing: Róstur eru grasrótarfjölmiðill sem hefur verið starfræktur frá því í mars 2010. Á þeim tíma hafa Róstur farið frá því að vera prentað mánaðarrit yfir í að vera stopull vefmiðill. Aðstandendur Rósta eru þó enn trúir þeim hugsjónum sem lagt var upp með: Að reka fjölmiðil án valdastrúktúrs og gróðamarkmiða. Í námsstofunni munu Róstur-liðar miðla af reynslu sinni og svara spurningunum hvað tókst vel og hvað hefði mátt fara betur? Hvers vegna gengur oft illa að halda gangandi verkefnum sem eru ekki starfrækt í gróðaskyni og hvernig er hægt að breyta því? Þeir sem hafa áhuga á að leggja fram krafta sína til að viðhalda grasrótarfjölmiðlun á Íslandi eru sérstaklega hvattir til að taka þátt í þessari námsstofu.

Tími: Sunnudagur 14. ágúst, 14:30-15:50

0304 ER SUMARIÐ TÍMINN FYRIR RÓTTÆKNI? LISTAVERKIÐ OG STOFNUNIN

Umsjón: Ásmundur Ásmundsson

Lýsing: Í námsstofunni skoðar Ásmundur Ásmundsson myndlistarmaður nokkur listaverk með róttækum gleraugum sumarháskólans. Ásmundur flytur fyrirlestur byggðan á reynslu sinni af gjörningalist, höggmyndalist, sýningastjórnun, skáldsagnagerð, greinaskrifum, ræðuhöldum, fyrirlesturum og kennslu. Sjónum verður sérstaklega beint að samskiptum listamanna við liststofnanir og listapólitík á Íslandi. Markmið námsstofunnar er að veita innsýn í þá stofnanaveröld sem mætir listamönnum og hvernig þeir geta afhjúpað hana með starfi sínu. Þannig geta listamenn varpað ljósi á þær hefðbundnu og oft íhaldssömu hugmyndir um listir sem ráða för í menningarlífinu. Dæmi verður tekið af verkinu *Fallegasta bók í heimi* sem sett var upp á sýningunni *Koddu* í Nýlistasafninu og Allíanshúsinu nýverið við lítinn fögnuð.

Tími: Sunnudagur 14. ágúst, 16:00-17:20

Námskeið 4: MARXISMI OG SAMTÍMAHEIMSPEKI (2 NÁMSSTOFUR)

0401 GAGNRÝNI MARX OG ENGELS Á KAPÍTALÍSKT HAGKERFI

Umsjón: Viðar Þorsteinsson

Lýsing: Í námsstofunni verður gerð grein fyrir helstu atriðunum í gagnrýni Karls Marx og Friedrichs Engels á kapítalískt hagkerfi. Fjallað verður um hugtök eins og *söguleg efnishyggja, skiptagildi, notagildi, arðrán* og *stéttabaráttu*. Reynt verður að sýna fram á hvernig þessi hugtök geta gagnast við að skilja efnahagskreppur og samfélagsátök í samtímanum. Þá verður fjallað um hugmyndir Marx um verkalýðsbaráttu og kommúnisma, og stiklað á stóru um hvernig þeim hugmyndum hefur reitt af í gegnum stormasama sögu sósíalisma og vinstri-sinnaðrar þjóðfélagsbaráttu síðastliðin 150 ár. Einkum verður vísað í ritin *Auðmagnið* og *Kommúnistaávarpið*.

Tími: Miðvikudagur 17. ágúst, 21:00-22:20

0402 MARXISMI OG SÁLGREINING

Umsjón: Björn Þorsteinsson

Lýsing: Í þessari námsstofu verður fjallað um framhaldslíf marxismans í samtímaheimspeki. Lögð verður áhersla á heimspekinga sem hafa reynt að samþætta efnishyggju marxismans við

sálgreiningu Freuds og áherslu hennar á hvatalíf og formgerð mannsálarinnar.

Lykilspurningin sem glímt verður við er þessi: Hvernig er andóf mögulegt í þjóðfélagi sem gefur sig út fyrir að fullnægja öllum hvötum og þörfum um leið og þær kvikna?

Vísað verður í texta eftir slóvenska heimspekinginn Slavoj Zizek og frönsku hugsuðina Gilles Deleuze og Félix Guattari.

Tími: Fimmtudagur 18. ágúst, 19:30-20:50

Um umsjónarmenn námsstofa

Arnþrúður (Adda) Ingólfisdóttir hefur lokið MA-prófi í kynjafræði með áherslu á kyn, þunglyndi og geðlæknisfræði. Hún stundar róttæka hinsegin menningarstarfsemi í frístundum.

Áslaug Einarsdóttir stundar MA nám í mannfræði. Hún hefur stundað heimildamyndagerð og liggja eftir hana myndirnar *Sófakynslóðin* og *Uppistandsstelpur*.

Ásmundur Ásmundsson er myndlistarmaður. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga, gefið út verk sín á prenti og haldið fyrirlestra við lista- og menningarstofnanir innan lands og utan. Hann hefur kennt við Listaháskóla Íslands og víðar.

Björn Þorsteinsson hefur kennt á háskólastigi og sinnir nú rannsóknum við Heimspekistofnun Háskóla Íslands. Hann er stjórnarmaður í Lýðræðisfélaginu Öldu.

Davíð Kristinsson hefur kennt við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Hann leggur nú lokahönd á doktorsritgerð í heimspeki við Frjálsa háskólann í Berlín.

Ingólfur Gíslason hefur kennt stærðfræði á menntaskóla- og háskólastigi og stundar nú doktorsnám við Háskóla Íslands. Hann hefur skrifað um samfélags- og menningarmál í ýmsa miðla og gefið út þrjár ljóðabækur.

Haukur Hilmarsson hefur starfað með róttæku stúdentahreyfingunni Öskru, No Borders og Saving Iceland.

Helga Katrín Tryggvadóttir lauk nýlega MA-námi í þróunarfræðum þar sem umfjöllunarefnið var orðræða þróunar og andóf gegn henni. Helga er ein af aðstandendum Rósta.

Sigurður Harðarson (Siggi pönk) er hjúkrunarfæðingur á Slysa- og bráðamóttöku. Hann hefur reglulega farið með fyrirlestra um anarkisma í framhaldsskóla á síðustu árum.

Sólveig Anna Jónsdóttir er sjálfmenntaður róttækur sósíalisti. Hún er formaður Íslandsdeildar Attac samtakanna og ein af stofnfélögnum. Hún er jafnframt meðlimur í No Borders Reykjavík.

Valdís Björt Guðmundsdóttir vinnur að MA-ritgerð um trúarlega sjálfsmynd og trúariðkun múslimakvenna á Íslandi. Valdís hefur rannsakað íslamskan femínisma í Íran og ferðast allvíða í Mið-Austurlöndum.

Viðar Þorsteinsson hefur kennt við Listaháskóla Íslands og Háskólann á Bifröst og stundar nú doktorsnám. Hann hefur starfað með Félaginu Ísland-Palestína og rithöfundaförlaginu Nýhil.